

From: Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@irn.is>
Sent: 22 October 2024 11:08
To: Arnar Þór Sævarsson <arnar.thor.saevarsson@samband.is>
Cc: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Subject: Ósk um tilnefningu í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf

Tilvísun í mál: IRN24090069

Góðan dag,

Innviðaráðuneytið óskar eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf út frá þróun mannfjölda til næstu fimm og tíu ára.

Starfshópurinn er hluti af aðgerðaáætlun ný samþykkrar húsnæðisstefnu, en þar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að stjórnvöld móti sér skýra stefnu um hvernig bregðast eigi við stóráuknum íbúafjölda á Íslandi í dag og um fyrirsjáanlega framtíð á sama tíma og mikill skortur er á íbúðum.

Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn skili tillögum sínum til ráðherra ekki síðar en 14. mars 2025.

Hópurinn verður skipaður fulltrúum innviða-, forsætis-, félags- og vinnumarkaðs-, fjármála- og efnahags- og menningar- og viðskiptaráðuneyta, Húsnæðis og mannvirkjastofnunar, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í hópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu í síðasta lagi 1. nóvember nk. Vinsamlega látið kennitölu, heimilis- og netfang fylgja.

Kveðja,

Kristín Sandra



Kristín Sandra Karlsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála / Department of housing and planning

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing